

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

2. gr.

Útseld vinna.

Gjald fyrir útselda vinnu vegna afhendingar gagna sem búin eru til eða er aflað við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu Veðurstofu Íslands:

	kr./klst.
1. Sérfræðingur I	7.500
2. Sérfræðingur II	6.300
3. Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn	4.800

3. gr.

Veðráttan.

Fyrir áskrift Veðráttunnar skal greitt:

	kr.
1. Árgjald	2.500
2. Eldri árgangar, árgjald	1.000
3. Áskrift mánaðarblaða	5.000

4. gr.

Sé þjónusta seld í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum skal miða við gengi hvers tíma.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. heimild í 4. gr. laga nr. 30/1985 um Veðurstofu Íslands og 12. gr. laga nr. 142/2004 um veðurþjónustu, öðlast gildi 1. desember 2006.

Umhverfisstjórnuneytinu, 16. nóvember 2006.

F. h. r.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.